



Hafnarfjarðarbær	Innk: 17/12 2015
Málsnr: 1512277	
Bréfal:	038.4

Til framkvæmdastjóra sveitarfélaga  
sem ber að afhenda Þjóðskjalasafni gögn sín

Reykjavík 11. desember 2015  
Tilv. 1512029/1.1.2

*Efni: Ábending um skjalastjórn og skjalavörsu*

Í lögum nr. 77/2014 um opinber skjalasöfn jók Alþingi í ýmsum atriðum ábyrgð Þjóðskjalasafns sem framkvæmdar- og eftirlitsaðila opinberrar skjalavörsu og skjalastjórnar, sbr. 3., 4., 8., og 13. gr. Í lögunum er hlutverk og ábyrgð afhendingarskyldra aðila einnig aukið.

Með þessu bréfi er athygli afhendingarskyldra aðila, sbr. 14. gr., vakin á IV. kafla framangreindra laga. Hann ber heitið **Skjalastjórn og skjalavarsla afhendingarskyldra aðila** og hefur þjár greinar, 22., 23. og 24. gr.

Í 22. gr. er tilgreind ábyrgð á skjalastjórn og skjalavörsu afhendingarskyldra aðila. Í 2. mgr. ákvæðisins segir: „*Forstöðumaður afhendingarskylds aðila ber ábyrgð á skjalastjórn og skjalavörsu viðkomandi aðila, þ.m.t. að unnið sé í samræmi við fyrirmæli laga og reglna þar að lútandi. Híð sama gildir um formann stjórnsýslunefndar og framkvæmdastjóra sveitarfélags, svo og forstöðumenn sjálfsagnarstofnana, sjóða og annarra aðila sem lög þessi gilda um skv. 14. gr.*“

Í 3. og 4. mgr. segir jafnframt: „*Afhendingarskyldum aðilum er skylt að haga skjalastjórn og skjalavörsu með þeim hætti sem segir í þeim reglum sem settar eru á grundvelli 23. gr. og varðveita málsgögn þannig að þau séu aðgengileg í samræmi við þær. Sá sem ber ábyrgð á skjalastjórn og skjalavörsu skal grípa til viðeigandi ráðstafana til þess að vernda skjöl afhendingarskylds aðila fyrir ólöglegri eyðileggingu, breytingu og óleyfilegum aðgangi.*“

Í 23. gr. laganna er Þjóðskjalasafni gert skylt að setja reglur um skjalastjórn og skjalavörsu, sbr. 1. mgr. ákvæðisins. Þar er einnig afhendingarskyldum aðilum gert „*skytt að skrá mál sem koma til meðferðar hjá þeim á kerfisbundinn hátt og varðveita málsgögn þannig að þau séu aðgengileg*“ í samræmi við reglur sem Þjóðskjalasafn setur, sbr. 2. mgr. Meðan hví er ekki lokið vízar Þjóðskjalasafn til leiðbeiningarrits safnsins, *Handbók um skjalavörsu sveitarfélaga* (2010, bls. 56-57). Þar eru tilmæli um hvaða upplýsingar skuli skrá í málaskrá og talist geta málsgögn „*skjal sem inniheldur upplýsingar sem hafa þýðingu fyrir úrlausn máls, s.s. orðsending innanhúss, tölvupóstur, vitnisburður um efni símtala, minnispunktar funda o.s.frv.*“ Nokkrar reglur safnsins hafa verið endurnýjaðar og unnið er að frekari endurnýjun og setningu fleiri reglna. Sjá fylgiskjal með þessu bréfi.

Loks skal vakin athygli á 24. gr. sem fjallar um varðveisluskyldu og förgunarreglur. Í 1. mgr. 24. gr. segir: „Óheimilt er að ónýta eða farga nokkru skjali í skjalasöfnum þeirra aðila sem falla undir 1. eða 2. mgr. 14. gr. nema það sé gert á grundvelli samþykktar þjóðskjalavarðar, reglna skv. 23. gr. eða 2. mgr. þessarar greinar eða sérstaks lagaákvæðis.“ Í 2. mgr. er tekið fram að þjóðskjalasafn Íslands skuli setja sérstakar reglur skv. 3. tölul. 8. gr. um förgun skjala fyrir afhendingarskylda aðila eftir því sem við verður komið.

Settar hafa verið reglur um grisjun í skjalasöfnum sveitarfélaga (sjá reglur nr. 627/2010 um grisjun í skjalasöfnum sveitarfélaga og stofnumunum þeirra). Þar er heimiluð grisjun á tilteknunum skjalaflokum með skilyrðum um sýnishornatöku. Um önnur gógn í skjalasöfnum sveitarfélaga þarf að sækja um grisjun, eyðingu, skjala til þjóðskjalasafns í hvert sinn. Það á t.d. við um tölvupósta en í afhendingarskyldum aðilum að sækja um eyðingu tölvupósta. Þar vísast til eyðublaða á vef safnsins; <http://skjalasafn.is/eydublod>. Jafnframt vísast á leiðbeiningarrit þjóðskjalasafns um eyðingu skjala á vef safnsins, [http://skjalasafn.is/reglur\\_og\\_leidbeiningar](http://skjalasafn.is/reglur_og_leidbeiningar).

Framkvæmdastjórar sveitarfélaga og forstöðumenn afhendingaskyldra aðila sveitarfélaga eru hvattir til þess að hafa í heiðri ofangreind atriði og að öðru leyti fara að lögum um opinber skjalasöfn og reglum settum á grundvelli þeirra.

Starfsmenn safnsins veita fúslega frekari upplýsingar. Hægt er að senda fyrirspurnir á póstfangið [skjalavarsla@skjalasafn.is](mailto:skjalavarsla@skjalasafn.is) eða hringja í síma 590 3300.

Virðingarfullst,



Eiríkur G. Guðmundsson  
þjóðskjalavörður

Fylgiskjal:  
Um reglur þjóðskjalasafns Íslands og leiðbeiningarrit fyrir afhendingarskyldra aðila.

Fylgiskjal með bréfi Þjóðskjalasafns til afhendingarskyldra aðila dags. 11. desember 2015.

### Um reglur Þjóðskjalasafns Íslands og leiðbeiningarrit fyrir afhendingarskyldra aðila.

#### A. Reglur

Reglur Þjóðskjalasafns eru samkvæmt lögum um opinber skjalasöfn nr. 77/2014 auglýstar í B-deild *Stjórnartíðinda*. Þar hafa eftirfarandi reglur verið auglýstar:

1. Nr. 571 12. júní 2015. *Reglur um skjalavistunaráætlanir afhendingarskyldra aðila.*
2. Nr. 572 12. júní 2015. *Reglur um málalykla afhendingarskyldra aðila.*
3. Nr. 573 12. júní 2015. *Reglur um frágang, skráningu og afhendingu pappírskjalasafna afhendingarskyldra aðila.*
4. Nr. 100 17. janúar 2014. *Reglur Þjóðskjalasafns Íslands um afhendingu á vörsluútgáfum gagna úr rafrænum gagnakerfum afhendingarskyldra aðila.*
5. Nr. 624 30. júní 2010. *Reglur Þjóðskjalasafns Íslands um tilkynningu og samþykkt rafrænna skjalavörlukerfa afhendingarskyldra aðila.*
6. Nr. 625 30. júní 2010. *Reglur Þjóðskjalasafns Íslands um tilkynningu rafrænna skrá og gagnagrunna afhendingarskyldra aðila.*
7. Nr. 627 30. júní 2010. *Reglur Þjóðskjalasafns Íslands um grisjun í skjalasöfnum sveitarfélaga og stofnana þeirra.*

Reglur þessar eru aðgengilegar á vef safnsins [www.skjalasafn.is](http://www.skjalasafn.is) og á vefnum [www.stjornartidindi.is](http://www.stjornartidindi.is).  
Reglur um skráningu mála hafa verið sendar út til umsagnar með fresti til 18. janúar næstkomandi.

#### B. Leiðbeiningarrit

Þjóðskjalasafn Íslands hefur gefið út leiðbeiningarrit um skjalavörsu afhendingarskyldra aðila. Þau eru aðgengileg í pdf-skjölum á vef safnsins, [www.skjalasafn.is](http://www.skjalasafn.is).

Leiðbeiningarrit	Skýring
Afhending skjala og gerð geymsluskrár.	Leiðbeiningar um frágang, skráningu og afhendingu pappírskjalasafna til Þjóðskjalasafns.
Málalykill. Reglur og leiðbeiningar fyrir ríkisstofnanir.	Leiðbeiningar um gerð málalykla fyrir ríkisstofnanir.
Grisjun. Leiðbeiningar fyrir ríkisstofnanir um grisjun skjala.	Leiðbeiningar um eyðingu skjala fyrir ríkisstofnanir.
Leiðbeiningar um rafræn skjalavörlukerfi afhendingarskyldra aðila.	Leiðbeiningar með reglum um rafræn skjalavörlukerfi.
Leiðbeiningar um rafrænar skrá og gagnagrunna afhendingarskyldra aðila.	Leiðbeiningar með reglum um rafrænar skrár og gagnagrunna.
Skjalavistunaráætlun. Reglur og leiðbeiningar fyrir ríkisstofnanir.	Leiðbeiningar um gerð skjalavistunaráætlunar.
Handbók um skjalavörsu sveitarfélaga.	Leiðbeiningar um skjalavörsu sveitarfélaga.

Leiðbeiningarrit Þjóðskjalasafns eru í endurskoðun í kjólfar nýrra laga um opinber skjalasöfn.  
Auk þess eru enn í gildi eldri leiðbeiningarrit Þjóðskjalasafns fyrir þá þætti í skjalavörsu opinberra aðila sem ekki hafa verið uppfærðir, sbr. ofangreind leiðbeiningarrit. Þessi rit eru aðeins til prentuð:

*Handbók um skjalavörsu Stjórnarráðs Íslands. Reykjavík 1991.*  
*Skjalavarsla stofnana. Handbók. Reykjavík 1995.*